



Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín,
yndislega sveitin mín,
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.

Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína,
þakkarklökkva kveðjugjörð,
kveð ég líf þitt, móðir jörð.
Móðir bæði mild og hörð,
mig þú tak í arma þína.
Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína.

Sigurður Jónsson

Bæn / Faðir vor

Í bljúgri bæn og þökk til þín
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt sem miður fer
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ drottinn minn.

Erlent lag - Pétur Þórarinnsson



Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á slétri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Largo
Hendel

Prestur: Ólöf Margrét Snorradóttir

Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Söngur: Kammerkór Akraneskirkju – karlaraddir

Upplestur: Jóhann Skúli Björnsson

Útfararþjónusta Akraneskirkju

***Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og vinarhug og býður
viðstöddum að þiggja veitingar í Vinaminni
að athöfn lokinni***



Guðmundur Jóhannesson

Fæddur 18. desember 1931

Dáinn 19. september 2022



*Útför frá Akraneskirkju
föstudaginn 30. september 2022*

Forspil

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

Ritningarorð

Ó, Jesús bróðir besti
og barnavinur mesti,
æ, breið þú blessun þína
á barnæskuna mína.

Það ætíð sé mín iðja
að elska þig og biðja,
þín lífsins orð að læra
og lofgjörð þér að færa.

Mér gott barn gef að vera
og góðan ávöxt bera,
en forðast allt hið illa,
svo ei mér nái' að spilla.

Með blíðum barnarómi
mitt bænakvak svo hljómi:
Þitt gott barn gef ég veri
og góðan ávöxt beri.

*A. P. Berggreen -
Páll Jónsson*

Ritningarorð



Ljóðalestur

Lýsi stjörnur upp veg hafsins víða

Einn nú stend ég við stýrið og stari,
engar stjörnur á himnum upp sé.
Niðdimm nóttin nær út yfir hafíð,
nauðarstormur við ljórann hjá mér.
Þá leitir hugur minn heim til þín vinar,
yfir hafdjúpsins hrímkalda dröfn.
En lýsi stjörnur upp veg hafsins víða,
siglir skip mitt á morgun í höfn.

Guðmundur Jóhannesson

Guðspjall



Ljóðalestur

Grundarfjörður

Ég þekki fjörð svo fagurbláan
við fótskór draums og stuðlalags.
Og hversu löngum sæll ég sá hann
við sólaris hins nýja dags
með daggarbros á grundum grænum
og geislablik á sléttum snæum.

Sér unir byggð við brekkur háar
og búðarrúst við salta dröfn
og svanaötn og vikur bláar
og vinjar kringum lukta höfn.
En út um leiðir unnir hjala,
um unna dáð og hetjur tala.

Þar hefst fjöll í vorsins veldi
með vættasöng og fossaskrúð,
og ljósroðin á lygnu kveldi
þau lyfta höfði frjáls og þrúð.
Hvar eygist fegri fjallaröðin
en Fellið, Mönin, Hyrnan Stöðin?

Nú tæki rís og torgsins angan
og tvílyft hús með þökin rauð.
Og skipin fljóta fyrir tangann
og færa að landi hafsins auð.
Og fjöll og sund í aftaneldi
svo yndisleg á lygnu kveldi.

Jóhannes Þorgrímsson

Minningarorð

